

REGLUGERÐ

um hávaða.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til hávaða af mannavöldum. Reglugerðin tekur þó ekki til hávaða frá neyðarstarfsemi.

Um hljóðeinangrun, ómtíma og skyld atriði er fjallað í byggingarreglugerð. Um atvinnu-
starfsemi gildir ennfremur reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun.

Um hávaða á vinnustöðum gilda lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnu-
stöðum, nr. 46/1980.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

Aðgerðaáætlun: Áætlun um aðgerðir sem hafa það að markmiði að stýra hávaða og draga úr hávaða og óæskilegum áhrifum hans.

Almannafæri: Götur og svæði ætluð til almenningsnota sem og aðrir staðir, sem opnir eru almenningi, s.s. verslanir, veitingastaðir, leiktækjastaðir, kvikmyndahús, samkomuhús, biðskýli og söfn.

Almenningur: Einn eða fleiri einstaklingar, lögaðilar og félög þeirra, samtök eða hópar eftir því sem við á.

Desíbel A [dB(A)]: Mælieining fyrir hljóðstyrk, mælt í desíbelum með svonefndri A-sú sem líkir eftir næmi eyrans.

Desíbel C [dB(C)]: Mælieining fyrir hljóðstyrk, mælt í desíbelum með svonefndri C-sú sem líkir eftir næmi eyrans þar sem vægi lágtíðnihljóða er meira en í A-sú.

Dvalarrými: Svefnherbergi, sjúkrahús og dagstofur á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja.

Dvalarsvæði á lóð: Leiksvæði og önnur svæði á lóðum íbúðarhúsa og þjónustustofnana sem sérstaklega eru hugsuð til að njóta útiveru.

Frístundabyggð: Byggð frístundahúsa, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu.

Frísviðsgildi: Hljóðstig þar sem ekki er tekið tillit til endurkasts hljóðbylgna frá því mannvirki sem hljóðið er mælt við. Á opnu svæði er frísviðsgildi sama og mælt gildi.

Hámarkshljóðstig: Hljóðstig í dB(A) sem er hæsta hljóðstig sem mælist á mælitímanum þegar hljóðmælir er stilltur á staðlaða tímastillingu „F“ eða „FAST“ (ein sekúnda) og getur verið lægra en hæsti toppur sbr. lið e undir skilgreiningu á hávaðavísi.

Hávaði: Óæskileg eða skaðleg hljóð sem stafa m.a. frá athöfnum fólks, umferð eða atvinnustarfsemi.

Hávaðavísir: Vísir til að lýsa hávaða, notaður til að meta neikvæð áhrif hávaða:

- a. L_{den} (hávaðavísir að degi – kvöldi – nóttu): Hávaðavísir fyrir heildarónæði.
- b. L_{AeqT} : Jafngildishljóðstig, mælt yfir tímabil T (t.d. T=24 stundir eða T=frá kl. 07 til kl. 19)
- c. L_{AFmax} : Hámarkshljóðstig.
- d. $L_{AFmax5\%}$: Hámarkshljóðstig þar sem gert er ráð fyrir að í 5% tilvika sé heimilt að fara yfir það gildi sem tilgreint er sem umhverfismörk.
- e. L_{Cpeak} : Hæsti hljóðtoppur.

Hljóðstig: Mælikvarði á hljóðstyrk, oftast mælt í desíbelum með svonefndri A - síu sem líkir eftir næmi eyrans. Hljóðstigið er þá táknað L_A og mælieiningin er dB(A).

Hæsti hljóðtoppur: Hæsti hljóðtoppur (sekúndubrot) á mælitímanum skv. C-síu.

Ef hæsti hljóðtoppur er mældur í dB(C), er hann táknaður L_{Cpeak} . Ef mælt er með C-síu þá er hljóðstigið táknað L_C og mælieiningin dB(C).

Íbúðarsvæði: Svæði þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar kann þó einnig að vera gert ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Jafngildishljóðstig: Vegið meðaltalshljóðstig, táknað L_{eq} , sem samsvarar sömu hljóðorku á mælitímanum og hinn raunverulegi breytilegi hávaði. Ef jafngildishljóðstigið er mælt í dB(A), er það táknað L_{Aeq} .

Kyrrlátt svæði: Svæði sem er ætlað til útivistar og afmarkað er í skipulagi, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um kortlagningu hávaða, nr. 1000/2005.

Miðsvæði: Svæði þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Á miðsvæðum kunna að vera íbúðir þar sem aðstæður leyfa, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Ónæði: Veruleg eða ítrekuð truflun eða áreiti af völdum hávaða sem sker sig úr því umhverfi sem um ræðir.

Samkomustaður: Staður þar sem fólk kemur saman s.s. kvikmynda- og leikhús, veitinga- og skemmtistaðir, líkamsræktarstöðvar og íþróttahús.

Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir: Vinna sem hefur í för með sér mikinn hávaða svo sem vinna við höggbor, háværa háprýstidælu, meitlun á bergi eða sprengingar.

Verslunar- og þjónustusvæði: Svæði þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Á verslunar- og þjónustusvæðum kunna að vera íbúðir þar sem aðstæður leyfa.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

4. gr.

Mörk fyrir hávaða.

Í viðauka, töflum I-III, eru tilgreind viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða frá umferð ökutækja, flugumferð og hvers konar atvinnustarfsemi. Þar sem dvalarsvæði á lóð er skilgreint skal þess jafnframt gætt að hljóðstig sé undir 55 L_{Aeq} . Á kyrrlátu svæði skal hljóðstig í þéttbýli ekki fara yfir L_{den} 50 dB(A) og í dreifbýli ekki yfir L_{den} 40 dB(A).

5. gr.

Stjórnvöld o.fl.

Við skipulagsgerð skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í viðauka. Skipulagsyfirvöld geta þó ákveðið að í stað marka í viðauka gildi um íbúðarhúsnæði á afmörkuðum svæðum staðallinn ÍST 45:2003: Hljóðvist – Flokkun íbúðarhúsnæðis. Flokkur C í staðlinum er lágmarkskrafa fyrir nýjar íbúðir.

Við hönnun samgöngumannvirkja skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í töflu I og II í viðauka. Við breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er, sem leitt getur til aukins hávaða, skal grípa til mótvægisáðgerða til þess að koma í veg fyrir að hljóðstig hækki.

Mengunarvarnir og kröfur um hollustuhætti í starfsleyfi sbr. 4. og 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, skal jafnframt miða við að hljóðstig verði undir mörkum í töflu III í viðauka.

6. gr.

Skyldur rekstraraðila.

Við rekstur flugvalla skal miða við að hljóðstig verði undir mörkum í töflu II í viðauka.

Rekstraraðilar atvinnustarfsemi skulu miða rekstur sinn við að hljóðstig í byggð sem verður fyrir áhrifum af starfsemi, verði ekki yfir mörkum í töflu III í viðauka.

Um framkvæmdir gildir 9. gr.

7. gr.

Heilsuspillandi hávaði.

Viðmið heilsuspillandi hávaða er 85 desíbel(A) L_{Aeq} (jafngildishljóðstig í 8 klst). Þegar heilsuspillandi áhrif hávaða eru metin, skal sérstaklega hafa í huga eftirfarandi atriði:

- a. Styrk hávaðans mældan í desíbelum(A).
- b. Tónhæð hávaðans.
- c. Hvort hávaðinn er stöðugur eða breytilegur.
- d. Daglega tímalengd hávaðans.
- e. Tíma sólarhringsins er hávaðinn varir.
- f. Heildartímabil, sem ætla má að hávaðinn vari (dagar/vikur).
- g. Að börn eru viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir.

8. gr.

Aðgæslureglur.

Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða.

Eigendur vélknúinna ökutækja skulu sjá svo um að farartæki þeirra valdi ekki óþarfa hávaða. Gæta skal þess að hljómflutningstæki og önnur tæki á almannafæri valdi ekki heilsuspillandi hávaða eða óþarfa ónæði. Í íbúðarhverfum skulu íbúar og aðrir koma í veg fyrir ónæði gagnvart nágrönnum vegna hávaða.

Gæta skal sérstaklega að hávaðavörnum í og við leik- og grunnskóla sem og dvalarrými þjónustustofnana.

9. gr.

Framkvæmdir.

Við allar framkvæmdir, svo sem byggingar, gröft, gatnagerð o.fl., skal þess sérstaklega gætt að sem minnst ónæði verði af völdum hávaða.

Háværar framkvæmdir, s.s. byggingar, gróftur, sprengingar og gatnagerð á íbúðarsvæðum eða nágrenni þeirra, við skóla og dvalarrými þjónustustofnana, skal framkvæmdaraðili kynna fyrir íbúum nærliggjandi svæða með sannarlegum hætti áður en framkvæmd hefst. Fram skal koma tímallengd framkvæmdar, hvaða þættir hennar séu líklegir til að valda ónæði og hvenær unnið verði að þeim þáttum.

Takmarka skal hávaða vegna framkvæmda sem tilgreindar eru í töflu IV í viðauka við þau tímamörk sem þar eru tilgreind.

10. gr.

Samkomustaðir og sérstakir viðburðir.

Viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða á samkomustöðum, útiskemmtunum og öðrum stöðum, þar sem fólk dvelur í skamman tíma eru tilgreind í töflu V í viðauka.

Heilbrigðisnefnd getur beint tilmælum til rekstraraðila um sérstakan útbúnað á þessum stöðum til að fyrirbyggja að gestir verði fyrir óþægindum eða heyrnarskaða af völdum hávaða og til að upplýsa gesti um hljóðstig á staðnum.

Ef um er að ræða staði sem eru sérstaklega ætlaðir til tónleikahalds er leyfilegt að heimila í starfsleyfi hærra hljóðstig á einstökum viðburðum en tafla V í viðauka greinir. Þó skal jafngildishljóðstig aldrei fara yfir þau mörk sem tilgreind eru í töflu V í viðauka.

Ábyrgðaraðila staðarins er skylt að tilkynna heilbrigðisnefnd um viðburði þar sem búast má við að hljóðstig verði hærra en tilgreint er í 1. mgr. með hæfilegum fyrirvara og ber hann kostnað við eftirlit á tónleikunum þ.m.t. hljóðmælingum skv. gjaldskrá. Heilbrigðisnefnd getur beint þeim tilmælum til ábyrgðaraðila staðarins að hann bjóði gestum eyrnatappa og hengi upp sérstök viðvörunarskilti um hátt hljóðstig á áberandi hátt, setji aldurstakmörk fyrir gesti, geri grein fyrir staðsetningu hátalara og öðru sem heilbrigðisnefnd telur þurfa til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða.

Ef í ljós kemur við eftirlit að hljóðstig fer yfir mörk skv. töflu V í viðauka sbr. eftir atvikum ákvæði starfsleyfis sbr. 3. mgr. skulu heilbrigðisfulltrúar leggja fyrir rekstraraðila að dregið verði úr hávaða tafarlaust.

Ábyrgðaraðili skal auglýsa og kynna fyrir íbúum með sannanlegum hætti útiskemmtanir og útítónleika, sem haldnir eru í þéttbýli a.m.k. sólarhring áður en skemmtun eða tónleikar hefjast. Í kynningu skal koma fram hvenær atburður hefst og hvenær honum lýkur hið síðasta. Hátalarar skulu þannig staðsettir að óviðkomandi komist ekki að þeim.

11. gr.

Framkvæmd og eftirlit.

Umhverfisstofnun skal í samstarfi við Skipulagsstofnun og önnur stjórnvöld eftir því sem við á gefa út leiðbeiningar um:

- a. meðhöndlun hljóðvistarkrafna í skipulagi.
- b. viðmiðanir um hljóðvistarkröfur í leik- og grunnskólum og annars staðar sem börn dvelja og hætta er talin á að hávaði geti valdið þeim ónæði eða verið heilsuspillandi.
- c. mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits.

Heilbrigðisnefndir skulu hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefndir skulu eftir þörfum framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða.

12. gr.

Þvingunarúrræði.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt reglugerð þessari getur heilbrigðisnefnd:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun þar sem það á við til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða t.d. umferð hávaðasamra flutninga- og farartækja um tiltekna götur í íbúðahverfum og í nágrenni sjúkrahúsa eða annarra heilbrigðisstofnana að höfðu samráði við lögreglu.

Ef aðili sinnir ekki fyrirælu heilbrigðisnefndar um að draga úr heilsuspillandi hávaða eða virðir ekki mörk um hávaða skv. töflum í viðauka innan þess frests sem tiltekinn er, getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir, allt að kr. 500.000 á dag, þar til úr er bætt.

13. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum 6.-10. gr. reglugerðar þessarar varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa gerast sekir um brot.

14. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. gr. og 15. tl. 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna. Einnig er höfð hliðsjón af VI. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tölulið 32g, tilskipun 2002/49/EB um stjórn og mat á hávaða.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 7. júlí 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI
Viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða.

Skýringar með töflum:

Hljóðstig utan við húsvegg í töflum I og III er frísviðsgildi. Hljóðstig á dvalarsvæðum er frísviðsgildi.

Mörk utan við húsvegg gilda fyrir utan opnanlega glugga. Viðmiðunarhæð þar sem annað er ekki tiltekið er 2 m.

Mörk innanhúss miða við lokaða glugga en opnar loftrásir. Mörk innanhúss eru 5 dB hærrí í eldhúsi, baðherbergjum, geymslum og sambærilegum rýmum. Þegar hljóð inniheldur ríkjandi tón eða högghljóð bætast 5 dB(A) við mæligildið.

Þar sem dvalarsvæði á lóð er skilgreint skal þess jafnframt gætt að hljóðstig sé undir 55 L_{Aeq} .

Ársgagssumferð (ádu) er meðalumferð á dag yfir árið.

*Hávaði utan við húsvegg má vera meiri ef tryggð er bein aðfærsla útilofts um hljóðgildrur.

Tafla I.	Mörk vegna umferðar ökutækja.	
Tegund húsnæðis	Mörk vegna umferðar ökutækja (ádu) L_{Aeq24}	
	Við húsvegg	Inni
Íbúðarhúsnæði á íbúðar-svæðum	55	30
Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	65	30
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	55*	30
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði		35
Frístundabyggð	45	
Leik- og grunnskólar	55*	30
Kennslurými framhaldsskóla		35
Hávaðalitlir vinnustaðir, s.s. skrifstofur og sambærilegt		40

Tafla II. Mörk vegna hávaða frá flugumferð.			
Tegund húsnæðis	Mörk við húsvegg L_{den}	Mörk við húsvegg $L_{AFmax5\%}$ nótt	Inni L_{Aeq24}
Íbúðarhúsnæði, dvalarrými og skólar	55*	80	30
Íbúðarhúsnæði, dvalarrými og skólar á svæðum í nágrenni þegar starfandi flugvalla	65*	90	30

Tafla III. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.							
Tegund húsnæðis	Mörk fyrir atvinnustarfsemi						
	$L_{Aeq(07-19)}$		$L_{Aeq(19-23)}$		$L_{Aeq(23-07)}$		L_{AFmax} nótt
	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Inni
Íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum	50	30	45	30	40	25	40
Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	55	30	55	30	40	30	45
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	60*	35	50*	35	50*	30	45
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði	70		70		70		
Frístundabyggð	35		35		35		35
Leik- og grunnskólar	50*	30					
Kennslurými framhaldsskóla		30					
Hávaðalitlir vinnustaðir, s.s. skrifstofur og sambærilegt		30					

Tafla IV. Mörk fyrir hávaða vegna framkvæmda.				
			Upphaf framkvæmda	Lok framkvæmda
Íbúðasvæði, nágrenni þeirra og dvalarrýma þjónustustofnana þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	Háværar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	21:00
		Helgar og almennir frídagar	10:00	19:00
		Aðrir dagar	Ekki heimilt	
	Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	19:00
		Aðrir dagar	Ekki heimilt	

Tafla V. Mörk fyrir hávaða á samkomum.			
	Jafngildishljóðstig	Hámarkshljóðstig	Hæsti hljóðtoppur
Samkomustaðir, útiskemmtanir og aðrir staðir þar sem fólk dvelur í skamman tíma	95 dB(A)	110 dB(A)	130 dB(C)
Samkomur sérstaklega ætlaðar börnum	90 dB(A)	105 dB(A)	125 dB(C)
Einstakir og sérstaklega hávaðasamir viðburðir á stöðum sem eru sérstaklega ætlaðir til tónleikahalds skv. sérstakri heimild í starfsleyfi	102 dB(A)	115 dB(A)	140 dB(C)